

53

21. apríl

Heimilt er að verja allt að 500 þús. kr. að fengnum tillögum raforkumálastjóra og raforkuráðs af ríkisframlagi samkv. b-lið 3. gr. til að lækka verð raforku til almenningsnota frá dísilstöðvum, þar sem það er hæst. Skulu þeir raforku-notendur sitja fyrir framlögum í þessu skyni, sem lengst þurfa að bíða eftir raforkuframkvæmdum samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

6. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum raforkuráðs, fela raforkumálastjóra að annast leiðbeiningar um tilhögun og rekstur vatnsafls-, vindaflls- og dísilrafstöðva fyrir sveitaheimili utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð. Leiðbeiningar um val á stöðvum skulu miða að því m. a. að tryggja útvegum varahluta og að viðgerðir verði auðveldar.

7. gr.

Stuðla skal að því, að öllum atriðum 1. gr. verði fullnægt samtímis, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt getur talizt.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Steingrímur Steinþórsson.

54

20. apríl

L Ö G

um orkuver Vestfjarða.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bildudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um

getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 54 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur $\frac{1}{3}$ hluta 20. apríl af stofnkostnaði mannvirkjana.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þæitu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

55

20. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma þrjár nýir tölul., svo hljóðandi:

- a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-túns.